

**AUGLÝSING**  
**um (3.) breytingu á gjaldskrá nr. 535/2015**  
**fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.**

1. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 7. gr. laga nr. 44/1999“ í 1. mgr. 26. gr. gjaldskrárinnar kemur: 1. mgr. 76. gr. laga nr. 60/2013.

2. gr.

34. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Umhverfisstofnun heldur námskeið í leiðsögn með hreindýraveiðum í samræmi við 10. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna námskeiða og prófa í kjölfar námskeiða í leiðsögn með hreindýraveiðum sem og vegna námskeiðs vegna endurnýjunar leyfa í samræmi við 11. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Gjaldið skal vera:

- a. 160.000 kr. fyrir námskeið og próf í kjölfar námskeiðs;
- b. 16.000 kr. fyrir námskeið vegna endurnýjunar leyfis.

Greiða skal gjaldið áður en námskeið er setið.

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „3. mgr. 29. gr. laga nr. 44/1999“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 36. gr. gjaldskrárinnar kemur: 3. mgr. 80. gr. laga nr. 60/2013.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 11. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og 92. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. mars 2016.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

Stefán Guðmundsson.